

HÚSÖNDIN

26. tbl. 3. árg.
29. júlí 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 23. JÚLÍ - 5. ÁGÚST

- 23.7. Örnólfur Jóhannes Ólafsson, Jón Ingi Hinriksson,
Linda Ósk Antonsdóttir
25.7. Steingrímur Jóhannesson, Hjalti Gylfason,
Margrét Ósk Friðriksdóttir
26.7. Kolbrún Ívarsdóttir, Jan Marek
30.7. Erna Þórarinsdóttir, Sveinn Garðarsson
31.7. Böðvar Pétursson
1.8. Sigurður Ásgeirsson

Miðkvíslarhátíð 24. og 25. ágúst

Hálf öld er liðin frá því að Miðkvíslarstúfla var sprengd. Atburðarins verður minnst með veglegum hætti. Heimildarmyndin Hvellur verður sýnd í Skjólbrekku mánudaginn 24. ágúst en daginn eftir þann 25. hittist fólk við Miðkvísl. Eftir það verður hátíðarsamkoma í Skjólbrekku með ræðum og tónlistaratriðum. Meðal ræðumanna verða Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Benedikt Sigurðarson, Hildur Hermóðsdóttir og Grímur Hákonarson. Myndir frá atburðinum 1970 verða til sýnis í Skjólbrekku.

Kynnir á hátíðinni verður Þorsteinn Gunnarsson.



Guðsþjónusta með altarisgöngu verður í Víðirhólskirkju
næstkomandi laugardag 1. ágúst klukkan 14:00
Eigum góða stund í helgidómnum!
sr.Örnólfur

Bændur í Mývatnssveit

Baggplast verður sótt 11. ágúst næstkomandi.
Áhugasamir hafi samband í síma 4140200 eða sendið tölvupóst á
nordurland@terra.is



Músík í Mývatnssveit

Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit verður með breyttu sniði
þetta árið.

Tónleikar verða í Félagsheimilinu Skjólbrekku föstudaginn 7.
ágúst kl. 20:00.

Sumarleg tónlist eftir m.a. Schubert og Wagner ásamt fjölda
íslenskra sönglaga.

Flytjendur eru:

Laufey Sigurðardóttir fiðla

Oddur Arnþór Jónsson barítón

Elísabet Waage harpa

Miðasala við innganginn. Miðaverð kr. 3000.

Músík í Mývatnssveit.